

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 1923, til þess 15
að gilda frá því að rafveita Ísafjarðar tók til starfa.

8. marz

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. marz 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Skólabyggingarsjóð Hólshrepps, í 16
Bolungarvík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráð- 12. marz
herra 12. marz 1937. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólabyggingarsjóð Hólshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólabyggingarsjóður Hólshrepps. Heimili hans og varnarþing er í Bolungarvík.

2. gr.

Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun, hefir sérstakt fjárhald og skal vera óháður fjárreiðum sveitarsjóðsins. Ákvæðum þessarar greinar má aldrei breyta.

3. gr.

Sjóðurinn er myndaður á tímabilinu frá 29. desember 1930 til þessa dags, aðallega með tekjum af skemmtunum, gjöfum og 500 króna framlagi úr sveitarsjóði Hólshrepps. Fyrstu tekjur sjóðsins eru 86 krónur, ágóði af skemmtisamkomu, er haldinn var í Bolungarvík 26. desember 1930; en fyrstu tildrög til sjóðsstofnunarinnar er tillaga frá skólanefnd Hólshrepps um stofnun skólabyggingarsjóðs í héraðinu, með 500 króna árlegu framlagi úr sveitarsjóði, og að kosin sé 5 manna nefnd til að afla sjóðnum tekna. Var tillaga þessi borin upp og samþykkt á hreppsnefndarfundum í Hólshreppi 16. maí 1930.

Eignir skólabyggingarsjóðs eru við árslok 1935 kr. 1766.33, í viðskiptabók nr. 951 við Sparisjóð Bolungarvíkur.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af höfuðstólnum.
2. Gjafir og áheit, er sjóðnum kunna að áskotnast.
3. Tekjur af ýmsri starfsemi, er stjórn sjóðsins hefir með höndum.
4. Tillög úr sveitarsjóði Hólshrepps.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Bolungarvíkur, ef stjórn sjóðsins telur það tryggt, en annars í Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum eða rikisskuldabréfum. Skal sjóðurinn jafnan vera handbær með hæfilegum fyrirvara.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styrkja byggingu vandaðs skólahúss í Bolungarvík.
2. Að vera til eflingar skólahaldi í Hólshreppi, svo sem til kaupa á kennslutækjum fyrir barnaskólann o. fl.

16

12. marz

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum, og er hún jafnframt söfnunarnefnd fyrir sjóðinn. Skólastjóri barnaskólans skal jafnan vera sjálfkjörinn í stjórnina og formaður hennar. Hina 4 stjórnarmennina kys hreppsnefnd Hólshrepps, á fyrsta fundi sínum eftir hverjar aðalhreppsnefndarkosningar. — Nú hverfur einhver eða einhverjir úr stjórninni, fyrir einhverjar orsakir, og kys þá hreppsnefndin þegar í stað mann eða menn í staðinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins vinnur að eflingu hans á hverjum tíma, hefir á hendi allar framkvæmdir fyrir sjóðinn og æðsta vald um málefni hans, innan þeirra takmarka, er skipulagsskrá þessi setur. Stjórnin hefir á hendi reikningshald fyrir sjóðinn og annast allar fjárreiður hans, hún gerir ársreikninga hans í lok hvers almanaksárs. Skulu reikningarnir jafnan fylgja sveitarreikningi Hólshrepps til endurskoðunar og samþykktar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðsstjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins.

9. gr.

Höfuðtilgangur sjóðsins er að styrkja byggingu skólahússins. Þó má verja fé úr sjóðnum til höfuðaðgerðar á barnaskólahúsinu, ef nauðsyn krefur, enda komi samþykki stjórnar sjóðsins til. Ekki má verja meiru af höfuðstól sjóðsins, hvorki til byggingarinnar né höfuðaðgerðarinnar en svo, að jafnan standi eftir að minnsta kosti 500 krónur, enda verði unnið að eflingu sjóðsins áfram.

Þegar byggingu skólahússins eða höfuðaðgerð er lokið, má engu eyða af tekjum sjóðsins fyr en hann er aftur orðinn 1000 krónur; en úr því má verja allt að helmingi álegra tekna til kaupa á kennslutækjum fyrir barnaskóla Hólshrepps, til lagfæringar á lóð skólahússins og annars þess, er að dómi stjórnar sjóðsins miðar skólanum til eflingar og þrifa. Sá hluti tekna sjóðsins, sem ekki kemur til útborgunar samkvæmt þessari grein, leggst jafnan við höfuðstólinn.

Úr því sjóðurinn er orðinn 5000 krónur má verja allt að $\frac{3}{4}$ árlegra tekna hans samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Ekki má taka sjóðinn til notkunar, samkvæmt 5. og 9. grein, nema samþykki meiri hluta stjórnar sjóðsins komi til.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og óskast skipulagskráin birt í B-deild Stjórnartíðinda Íslands.

Bolungarvík, 14. des. 1936.

Í skipulagsskrárnefnd sjóðsins:

Sveinn Halldórsson, Elísabet Hjaltadóttir, Ólafur M. Ólafsson,
Bjarni Eiríksson, Aðalsteinn Bjarnason.

Þannig samþykkt á fundi hreppsnefndar Hólshrepps 15. des. 1936.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík, 15. desember 1936.

Páll Jónsson.